Fimleikasamband Íslands

Fimleikaþing 7. maí 2026

Þingskjal nr.__________

**Tillaga frá Gerplu um verðlaun og viðurkenningar yngri flokka.**

Íþróttafélagið Gerpla leggur til að Fimleikasamband Íslands skapi umræðuvettvang um verðlaun og viðurkenningar í yngri flokkum hópfimleika og áhaldafimleika sem og special Olympics. Sá umræðuvettvangur ætti að leita svara við spurningum eins og: Hver eru markmiðin með viðurkenningum? Hvernig er stigafjöldi fyrir lit á verðlaunum í hópfimleikum reiknaður út? Hvernig tókst til með það fyrirkomulag sem var í gildi á vorönn 2026? Er hægt að samræma betur á milli greina?

**Greinargerð:**
Upplifun að breytingum á fyrirkomulagi verðlauna og viðurkenninga hafi verið kastað í framkvæmd án mikillar umræðu, samráðs eða ígrundunar. Mikilvægt að hafa rök og skýr markmið hverju þetta á að skila og samræma á milli greina. Framkvæmd verðlaunaafhendingar ekki á hreinu. Til að mynda í áhaldafimleikum var ekki á hreinu hvort þeir sem næðu þrepi ættu líka að fá viðurkenningu. Á einu móti gleymdi mótshaldari að veita viðurkenningarpening án mikils söknuðar viðstaddra.

Sent til:

☐Laganefndar ☐Allsherjarnefndar ☐Fjárhagsnefndar ☐__________nefndar

Engjavegur 6 - 104 Reykjavík 514-4060 fsi@fimleikasamband.is